



Akraneskaupstaður

Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Akranesi, 12. október 2023
2309230 HMA

Efni: Afgreiðsla Skipulags og umhverfisráðs vegna erindi Reykjavíkurborgar

Borist hefur erindi frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, dags. 20.09.2023, þar sem lögð er fram til kynningar og umsagnar verklýsing vegna fyrirhugaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Innihald verklýsingar er breytingar á gatnakerfi Reykjavíkurborgar er varðar útfærslu og legu Sundabrautar.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt undir erindið, Sundabraut mun auka umferðar- og almannaoöryggi og lagning hennar er því gríðarlegt hagsmunamál bæjarbúa Akraneskaupstaðar. Sundabraut er ekki bara mikilvæg fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins, ekki síður stór samgöngubót fyrir Akranes. Sundabraut stýttir vegalengdir, eykur umferðaröryggi og bætir almenningssamgöngur. Hátt hlutfall Akurnesinga stunda nám eða sækja vinnu á höfuðborgarsvæðinu, sundabraut á því eftir að bæta aðgengi Vesturlands og ýta undir sterkari og heildstæðari vinnumarkað. Teljum við því að áhrif Sundabrautar eigi eftir að hafa jákvæð áhrif á byggðarþróun á Akranesi.

Við val á útfærslu verður fróðlegt að sjá hvað kemur út úr valkostagreiningu. Því vill Skipulags- og umhverfisráð setja fram áherslu á að þverun Kollafjarðar verði skoðuð með tilliti til veðuráhrifa. En sú tenging mun með núverandi tvöföldun á Kjalarnesinu hafa mikil áhrif á ferðatíma.

Virðingafyllst,
f.h. Skipulags- og umhverfisráð Akraneskaupstaðar

